

Sp.

964. Fyrirspurn

[512. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við tannlækningar.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga vegna tannlækninga á tímabilinu 1. janúar 1982 til 1. maí 1985 borinn saman við annan lækniskostnað á sama tíma?
Óskað er eftir að kostnaður og samanburður sé sýndur fyrir hvert ár um sig.
2. Hverjar voru heildargreiðslur hvers sjúkrasamlags um sig vegna tannlækningakostnaðar á árinu 1984 og til hve margra tannlækna gengu þessar greiðslur í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.